



**UNGMENNASAMBAND DALAMANNA
OG NORÐUR BREIÐFIRÐINGA**

STOFNAÐ 1918

Efnisyfirlit

Saga UDN	3
Aðildarfélög UDN	7
Skipulag íþróttahéraðs	8
Hlutverk stjórnar og starfsmanna.....	9
Skipun stjórnar og hlutverk	9
Fjármálastjórn	13
Formannafundir UDN	13
Stefna UDN.....	13
Fræðslu- og forvarnarstefna UDN.....	13
Félagsmálastefna	14
Jafnréttisstefna	14
Umhverfisstefna.....	15
Persónuverndarstefna UDN	15
Viðbragðsáætlun	20
Siðareglur UDN	20
Hegðunarviðmið	25
Hegðunarviðmið ÍSÍ og UDN.....	25
Hegðunarviðmið fyrir þjálfara	25
Hegðunarviðmið fyrir iðkendur.....	27
Hegðunarviðmið fyrir stjórnarmenn og starfsfólk	28
Hegðunarviðmið fyrir foreldra/forsjáraðila.....	29
Lög UDN	31
Fylgiskjöl	37
Reglugerðir UDN.....	37
Reglugerð um skiptingu lottótekna UDN.....	37
Kjör íþróttamanneskju UDN.....	38
Hvatningarverðlaun UDN.....	39
Drifskafði.....	40

Saga UDN

9. desember 1917 var merkisdagur. Þann dag var boðað til stofnfundar Hjeraðssambands Dalamanna (Hs.Dm) í Hjarðarholti í Laxárdal. Nokkrum mánuðum síðar eða þann 24. maí 1918 hélt sambandið fyrsta hjeraðsþing sitt á Kirkjuhóli í Saurbæ og sambandið réttilega stofnað með lögum og öðru sem til þurfti. Fjögur félög stóðu að stofnuninni; Umf. Ólafur pái, Umf. Unnur djúpúðga, Umf. Dögun og Umf. Stjarnan. Sex fulltrúar frá þessum félögum mættu á þennan stofnfund ásamt formanni og skrifara sambandsins.

Fyrstu stjórn sambandsins skipuðu

Formaður; Sigmundur Þorgilsson

ritari; Steinunn Þorgilsdóttir

Fjehirðir; Benedikt Finnsson

varastjórn

formaður; Markús Torfason

ritari; Sigurður Benediktsson

Fjehirðir; Rögnvaldur Sturlaugsson

Fyrsta héraðsmót sambandsins var haldið 21. júlí 1918 haldið á Krosshólaleiti og í Paradís í Hvammssveit. Ekki var stefnan að halda mót vegna alvarleika í heimsmálunum en eftirfarandi er bókað í gjörðabók.

“Hjeraðsþingið hafði ekki gjört ráð fyrir því að mót yrði haldið á þessu sumri, en menn höfðu ekki þolinmæði til að bíða eftir kynningunni heilt ár og varð því að samkomulagi að þarna skyldi mót haldið. En af því að engum hafði verið falið að annast undirbúning mótsins, komu menn þarna saman undirbúningslaust og skemmtu sér eins og andinn bljes þeim í brjóst”.

Á þinginu var samþykkt að keppa í frjálsum íþróttum sem og kappslætti sem tíðkaðist sem keppnisgrein um nokkurt skeið á héraðsmótum.

Fyrstu árin voru Héraðsþing ekki haldin árlega en eftir 1926 virðist vera að þingin hafi verið haldin árlega. Árið 1926 á sambandsþingi er nafni félagsins breytt í Ungmennasamband Dalamanna.

Starfsemi aðildarfélaganna á þessum tíma var fjölbreytt og breytileg milli félaga, en á margan hátt mikill skóli öllum þeim sem þátt tóku. Félögin hafa gegnum árin verið þungamiðja félagsstarfs ungmenna og verið stór hluti af lífi margra hér áður fyrr. Menntunarhlutverk var þó nokkuð því haldin voru fræðsluerindi innan félaganna og voru umræður um nær allt sem við kemur mannlífi, menningu og fræðum. Leiklist var stór þáttur í starfi margra ungmennafélaga lengi framan af þar sem málfar, framsögn og tjáning þjálfaðist ásamt því að vera skemmtanagildi í sveitunum. Íþróttaiðkun margskonar hefur verið mikilvægur þáttur í starfsemi félaganna og líklega sá þáttur sem mest hefur borið á innan sveitar og út á við.

Sundlaugin á Laugum

Árið 1924 hefst umræða um sundlaugarbyggingu á Laugum og verður svo úr að ráðist er í byggingu sundlaugar 1928 sem var svo vígð 24. júlí 1932. Vígslan var mikil samkoma og mættu þar góðir gestir. Munu hafa þarna mætt á sjötta hundað gesta og mun það hafa verið ein sú allra fjölmennasta héraðssamkoma í Dalasýslu á þessum tíma.

Vígsluljóð Jóhannesar úr Kötlum

*Nú ríður til Lauga hin unga öld,
með elskhugans vonir í barmi.
Hún biður um fylgi, hún biður um skjöld,
og lyftir í vorblámann ljósum armi.*

*Hann er frjóamagnsins tákn, þessi dagur í dag,
og Dalirnir ríkir og glaðir,
því hér syngur óskarödd lýðsins sitt lag
um léttari og réttari framtíðarhag.
-En augum er rennt gegnum aldraraðir.*

Fyrsta sundnámskeiðið var haldið 1. febrúar 1932 og var vel sótt. Námskeiðið stóð í nokkra daga og á milli æfinga voru stundaðar gönguferðir og á kvöldin voru skemmtanir sem oftast en ekki enduðu á dansi.

UDN

Árið 1971 gekk Ungmennasamband Norður Breiðfirðinga inn í Ungmennasamband Dalamanna og heitir sambandið eftir það Ungmennasamband Dalamanna og Norður Breiðfirðinga (UDN). Starfssvæði UDN er Dalasýsla (nú Dalabyggð) og Austur-Barðastrandasýsla.

Starfsemi UDN hefur oft á tíðum verið gróskumikil og fjölbreytt. UDN hefur unnið að mörgu gegnum tíðina sem hefur komið til viðbótar við það starf sem var innan aðildarfélaganna. Bygging sundlaugar á Laugum hefur áður verið nefnd, íþróttakeppnir, kappsláttur, glíma, fræðslur, leiklist, lestrarfélög, garðyrkjufélög og útgáfa tímarita voru helstu verkefni fyrstu áratugina, misjafnt eftir félögum. Seinni tíma verkefni, eftir 1970 ca. voru einnig fjölbreytt. Meðal annars átti sambandið skíðalyftu til nokkurra ára. Lengi var gefið út UDN blað sem dreift var á öll heimili á sambandssvæðinu. Sambandið hélt briddsmót og firmakeppnir í skák og var vinsælt mjög. Sumarbúðir voru reknar að Reykjum í Hrótafirði um árabil með þremur öðrum samböndum (HSS, USVH og USAH) og þótti það eftirtektarvert og mikið verkefni. Héraðsmót í frjálsum íþróttum sem voru helgarmót. Á daginn var keppt og á laugardagskvöldi var skemmtun og ball/diskó á eftir. Einnig voru haldin Unglingamót í frjálsum íþróttum ætluð 16 ára og yngri. Gefin voru út dagatöl til fjáröflunar sem og fleira. Sundmót voru haldin um langt árabil hjá UDN.

Aðildarfélög hafa verið mörg gegnum tíðina og gengt miklu og fjölbreyttu starfi.

Félög sem hafa tilheyrt UDN en hafa verið lögð niður eða sagt sig úr UDN.

- **Ungmennafélagið Unglingur** stofnað 20. febrúar 1909, stofnfélagar 16. Starfssvæði: Geiradalssveit. Starfaði til 1980
- **Ungmennafélagið Unnur djúpúðga** stofnað 24. febrúar 1909, stofnfélagar 20. Starfssvæði: Hvammsveit og Fellsströnd.
- **Sundfélag Hörðdælinga** stofnað 8. ágúst 1915 að Snorralaug í Laugardal, stofnfélagar um 20.
- **Ungmennafélagið Gróður** stofnað 18. desember 1916 á Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði, stofnfélagar 24. Starfssvæði: Kollafjörður og ytri hluti Bitrunnar.

- **Ungmennafélagið Stjarnan** stofnað 1. desember 1917 í fundarhúsi hreppsins á Skollhóli, stofnfélagar 24. Starfssvæði: Saurbær. Umf Stjarnan er enn til en sagði sig úr UDN 17. apríl 2024.
- **Ungmennafélagið Dögun** stofnað 21. apríl 1916 á Staðarfelli, stofnfélagar 9. Starfssvæði: Fellsströnd, síðar Klofningur og hluti Hvammssveitar. Umf Dögun er enn til en sagði sig úr UDN 2. apríl 2025.
- **Ungmennafélagið Tilraun** – breytt í **Vaka** síðar stofnaði 1927. Starfssvæði: Skarðsströnd. Vaka er enn til en ekki lengur aðili að UDN.
- **Ungmennasamband Norður-Breiðfirðinga** stofnað 1936 af sex félögum í Austur og Vestur Barðastrandasýslu (Umf. Unglingur Geiradal, Umf. Afturelding Reykhólasveit, Umf. Hvöt Gufudalssveit, Umf. Flatey Flatey, Umf. Vísir Múlahreppi, Umf. Barðstendinga).
- **Ungmennafélagið Von** stofnað 6. september 1936 á Kvenhóli, stofnfélagar 12. Starfssvæði: Klofningshreppur.
- **Hestamannafélagið Kinnskær** stofnað 2. september 1951. Starfssvæði: Austur-Barðastrandasýsla og vesturhluti Dalasýslu. Félagar eru nú félagar hestamannafélagsins Glaðs.

Félög starfandi innan UDN 2025

- **Hestamannafélagið Glaður** stofnað 20. júlí 1927, stofnfélagar 17. Starfssvæði: Dalasýsla, en síðari ár eru félagar Kinnskæs félagar í Glað.
- **Glímufélag Dalamanna** stofnað í mars 1998, stofnfélagar tveir.
- **Ungmennafélagið Afturelding** stofnað 14. mars 1924.
- **Ungmennafélagið Ólafur Pái** stofnað 7. mars 1909, stofnfélagar 48. Starfssvæði: Laxárdalur.
- **Ungmennafélagið Æskan** stofnað 19. apríl 1928, stofnfélagar 29. Starfssvæði: Miðdalir, síðar Haukadalur og Hörðudalur með.
- **Íþróttafélagið Undri** stofnað 2021.

Ungmennasamband Dalamanna og Norður Breiðfirðinga er aðili að UMFÍ og ÍSÍ.

Aðildarfélög UDN



Aðildarfélög og stjórnir félaga



Glímufélag Dalamanna

Formaður: Jóhann Eysteinn Pálmason
Ritari: Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir
gjaldkeri: Svana Hrönn Jóhannsdóttir

facebook: Glímufélag Dalamanna



Hestamannafélagið Glaður

Formaður: Heiðrún Sandra Grettisdóttir
Varaformaður: Svanhvít Gísladóttir
Ritari: Sjöfn Sæmundsdóttir
Gjaldkeri: Þórður Ingólfsson
Meðstjórnandi: Einar Hólm Friðjónsson
Meðstjórnandi: Skjöldur Orri Skjaldarson

heimasiða: gladur.is

facebook: Hestamannafélagið Glaður



Íþróttafélagið Undri

Formaður: Guðrún B. Blöndal
Ritari: Svanhvít Lilja Viðarsdóttir
Gjaldkeri: Berghildur Pálmadóttir

facebook: Íþróttafélagið Undri



Ungmennafélagið Afturelding

Formaður: Styrmir Sæmundsson
Ritari: Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir
Gjaldkeri: Katla Tryggvadóttir



Ungmennafélagið Ólafur Pá

Formaður: Jón Egill Jónsson
Ritari: Bergþóra Hólm Jóhannsdóttir
Gjaldkeri: Ingibjörg Jóhannsdóttir

Ungmennafélagið Æskan

Formaður: Sigríður Fjola Mikaelisdóttir
Ritari: Sindri Geir Sigurðarson
Gjaldkeri: Ingvar Kristján Bæringsson


Skipulag íþróttahéraðs

UDN og aðildarfélögin skila inn starfsskýrslum til ÍSÍ samkvæmt lögum ÍSÍ. Tíu dögum fyrir sambandsþing UDN skila aðildarfélög inn ársskýrslum og ársreikningum séu þeir tilbúnir, annars þá þegar þeir eru klárir.

Aðildarfélög UDN eru hvert um sig sjálfstæð félög, með sín eigin lög og stjórnir. Megin tilgangur hvers aðildarfélags UDN er að halda úti íþróttastarfi í tiltekinni íþróttagrein/íþróttagreinum. Hlutverk UDN er að veita aðildarfélögum sínum umgjörð, stuðning og aðhald eftir því sem við á.

Árþing UDN og aðalfundur aðildarfélaga þess eru æðsti vettvangur íþróttastarfseminnar innan UDN. Á milli árþinga er stjórn UDN framkvæmdaraðili málefna sambandsins. Hún vinnur að málefnum sambandsins og framfylgir samþykktum árþings.

Stefnt er að því að öll aðildarfélög UDN verði Fyrirmyndarfélög ÍSÍ.



Hlutverk stjórnar og starfsmanna

Stjórn UDN 2025 – 2026

Jóhanna Sigrún Árnadóttir, formaður

Guðrún Blöndal, varaformaður

Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir, ritari

Sindri Geir Sigurðarson, gjaldkeri

Sunneva Hlín Skúladóttir, meðstjórnandi

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, varamaður

Skjöldur Orri Skjaldarson, varamaður

Skipun stjórnar og hlutverk

Skipun stjórnar

Stjórn UDN er skipuð fimm einstaklingum; formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára en aðrir í stjórn eru kosnir til tveggja ára, tveir í hvoru lagi. Stjórnarmenn skipta með sér verkum þegar stjórn hittist á fyrsta fundi. Enn fremur skulu árlega kosnir tveir varamenn í stjórn, tveir skoðunarmenn reikninga og tveir skoðunarmenn til vara.

Hlutverk stjórnar

Hlutverk stjórnar UDN mótast af lögum UDN og þeim áherslum og málefnum sem samþykkt eru á ársþingum og upp koma milli ársþinga. Í lögum UDN segir m.a.

„að stjórn skuli sjá um allar framkvæmdir sambandsins milli þinga og fyrirskipanir sambandsþinga...“.

Farsælt stjórnarstarf er mikilvægt og verður það helst við sem jafnasta verkaskiptingu þar sem allir finna til ábyrgðar og eykur þar með líkur á meiri virkni stjórnarmanna. Þannig bera stjórnarmenn sameiginlega ábyrgð á teknum ákvörðunum og framkvæmdum þeirra.

Sambandið vinnur samkvæmt lögum UMFÍ og ÍSÍ, (m.a. ákvæðum 6. kafla laga ÍSÍ, 46. og 47 gr.) og hlutverk stjórnar þess er m.a.:

Hlutverk stjórnar

- Stjórnarmenn kynni sér lög og samþykktir UDN og þeirra samtaka sem UDN er aðili að.
- Stjórnarmenn móta starf og stefnu UDN, setja markmið og gera áætlanir.
- Stjórn annast samstarf við sveitarfélög innan sambandssvæðisins varðandi íþróttar – og styrkjamál.
- Stjórnarmenn sækja stjórnarfundir, sitja í ráðum og nefndum á vegum stjórnarinnar og leggja til þá fagleg þekkingu sem þeir hafa sem nýtist UDN best.
- Stjórn setji sig vel inn í starfsemi UDN og aðildarféлага og er vakandi gagnvart þeim tíðaranda í samfélaginu sem áhrif getur haft á starfsemina.
- Stjórn fer eftir þeim ákvörðunum sem stjórn tekur enda eru þær teknar á lýðræðislegan hátt á fundi stjórnar.
- Stjórn veitir móttöku öllu því fé sem héraðssambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með það samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun. Stjórn skal ábyrgjast sjóði sambandsins og í sameiningu veita forsjá öðrum eignum.
- Stjórn þarf að vera vakandi fyrir og vekja athygli á mögulegum eða augljósum hagsmunaárekstrum sem áhrif geta haft á starfsemi UDN og stjórnarinnar og víkja þá sæti.
- Stjórnarmaður sem á hlut að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.
- Stjórn vinnur að eflingu á íþróttastarfi á sambandssvæðinu sem og samstarfi aðildarféлага.
- Stjórn hefur forystu um forvarnir, fræðslu og sameiginleg félagsmál íþróttafélaganna innan UDN
- Stjórn annast ráðningu framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna eftir þörfum.
- Stjórn miðlar upplýsingum og annast skýrslugerð varðandi íþróttamál á sambandssvæðinu.
- Stjórn skilar inn starfskýrslum og ársreikningum til ÍSÍ innan tímaramma ÍSÍ samkvæmt lögum.
- Hver nýkjörin stjórn setur sér nánari vinnureglur sem fjalla um fundarboðun, tímasetningu lengd og dagskrá stjórnarfunda.
- Stjórn leysir þau vandamál sem upp kunna að koma.

UDN vinnur samkvæmt ákvæðum fyrirmyndarhéraða ÍSÍ um hvað varðar samskipti við aðildarfélög.

- Stjórn UDN varðveiti og skipti milli aðildarféлага því fé sem veitt hefur verið í því skyni.
- Stjórn UDN fylgist með því að starfsemi aðildarféлага fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.
- Stjórn UDN staðfesti lög/lagabreytingar aðildarféлага og haldi utan um staðfest lög félaga.
- Stjórn UDN tilkynni ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.
- Stjórn UDN boði til aðalfundar aðildarféлага ef þörf krefur.

- Ársþingi UDN er heimilt að vísa félagi úr héraðssambandinu fari félag ekki að lögum eða fyrirmælum þess.
- Ákveði ársþing UDN að vísa félagi úr því er héraðssambandi skylt að tilkynna það ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi/sérsamböndum.

Formaður

Helstu verkefni formanns eru að:

- koma fram fyrir hönd UDN og vera málsvari þess gagnvart öðrum aðilum.
- hafa yfirsýn með starfsemi UDN og sjá til þess að stefnum sé fylgt.
- sitja formannafundi, þing og aðra viðburði er tengjast ÍSÍ og UMFÍ. og boða stjórnarfundum, stýra þeim eða fela öðrum stjórn þeirra samkvæmt fyrirbyggjandi dagskrá hverju sinni.
- sjá til þess að dagleg starfsemi héraðsins fari vel fram.
- sjá um að lögum sambandsins og samþykktum stjórnarfundum og ársþings sé framfylgt. - virkja aðildarfélög og félaga til starfa í þágu sambandsins og aðildarfélaga þess.
- starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Varaformaður

Helstu verkefni varaformanns eru að:

- taka við störfum formanns þegar formaður er forfallaður.
- koma fram fyrir hönd stjórnar í samráði við formann.
- vera upplýst/upplýstur um stöðu mála er varðar héraðssambandið. starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Gjaldkeri

Helstu verkefni gjaldkera eru að:

- vera ábyrgur fyrir öllum fjármálum og bókhaldi félagsins.
- sjá um gerð fjárhagsáætlunar í samstarfi við framkvæmdastjóra og leggja hana fyrir stjórn ásamt formanni.
- greiða reikninga ásamt framkvæmdastjóra
- sjá til þess að gjöld sem ber að greiða séu greidd og hafa yfirsýn yfir innheimtu og að skuldir séu innheimtar.
- setja fram ársreikning í samstarfi við framkvæmdastjóra og leggja fram til samþykktar á ársþingi.
- starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Ritari

Helstu verkefni ritara eru að:

- vera ábyrgur fyrir fundargerðum stjórnarfunda.
- sjá um fundargerðir á formannafundum UDN í samstarfi við framkvæmdastjóra.
- fylgja eftir vinnureglum um skráningu og varðveislu fundargerða í samstarfi og samráði við aðra í stjórn.
- sjá til þess að bréf og skjöl séu rétt og vel varðveitt.
- starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Meðstjórnandi

Helstu verkefni meðstjórnanda eru að:

- taka virkan þátt í að fylgja stefnu og markmiðum UDN.
- starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Varamenn

Helstu verkefni varamanna eru að:

- koma inn í stjórn í forföllum aðalmanna og taka við þeirra hlutverki.
- taka sæti aðmanns í stjórn ef til afsagnar þess síðarnefnda kemur.

Framkvæmdastjóri

Helstu verkefni framkvæmdastjóra eru að:

- sjá um öll almenn störf á skrifstofu héraðsins. Stórum ákvörðunum skal vísað til stjórnar UDN sjá fyrir ýmiskonar fræðslu fyrir aðildarfélögin.
- sjá um samskipti við aðildarfélög UDN.
- sjá um samskipti við nefndir og aðra er málefni þess varðar.
- annast samskipti við ÍSÍ og UMFÍ.
- vinna að þeim verkefnum sem stjórn hefur samþykkt að fara í á hverjum tíma.
- sitja fundi stjórnar UDN.
- vinna að framkvæmd stefnu og samþykktum stjórnar UDN og ársþings UDN í samvinnu við stjórn.
- sjá um ársskýrslu UDN.
- gæta þess að vera í nánú samstarfi við formann UDN.
- hafa umsjón með daglegum rekstri UDN á milli stjórnarfunda.
- skipuleggja stjórnarfundi, undirbúa þau mál sem tekin eru fyrir.
- skila ársskýrslu, ársreikningum og stjórnarskipan í félagakerfi ÍSÍ.
- vera aðildarfélögum innan handar við skil á félagatali, ársreikningum og stjórnarskipan í félagakerfi ÍSÍ og minna þau á að skila.
- vinna að því að gera UDN að fyrirmyndarhéraði.
- vera tengiliður við ÍSÍ og aðildarfélög vegna umsókna og vinnu aðildarfélaganna um að gerast fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Fjármálastjórn

Stjórn UDN ber ábyrgð á fjármálum UDN og skal ársþing UDN samþykkja ársreikninga héraðsins. Á sama hátt eru fjármál einstakra aðildarfélaganna UDN á ábyrgð stjórnar þeirra og skal aðalfundur viðkomandi félags samþykkja ársreikning þess.

Reglugerð og leiðbeiningar ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar eru leiðarstef UDN í fjármálastefnu UDN.

Formannafundir UDN

Formannafundi UDN skal, samkvæmt 12, grein laga UDN, halda tvisvar á ári. Stjórn UDN og framkvæmdastjóri UDN hitta formenn aðildarfélaganna þar sem farið er yfir störf félaganna og eins farið í helstu áherslur sambandsins eins og þurfa þykir hverju sinni. Fundirnir eru nýttir til kynningar á nýjum á verkefnum og gæti verið fræðsla til fulltrúa aðildarfélaganna ásamt fleiru. Fleiri formannafundir eru haldnir sé á því þörf.

Stefna UDN

Stefnur UDN voru unnar í febrúar og mars 2025 og voru lagðar fyrir ársþing UDN sem haldið var 2. apríl 2025 og hlutu allar samþykki þingsins.

Fræðslu- og forvarnarstefna UDN

Eitt af hlutverkum UDN er að hafa forystu um forvarnir, fræðslu og sameiginleg félagsmál íþróttafélaganna innan Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga.

Fræðslu- og forvarnarstefna:

- Að hvetja aðildarfélög til þess að festa í lög sín og reglugerðir og ákvæði þar sem tekin er afstaða gegn neyslu á áfengi, tóbaki, rafretum og öðrum fíkniefnum.
- Að öll aðildarfélög hafi að leiðarljósi að íþróttaiðkun fylgir alltaf uppeldishluti og mikilvægt að íþróttamenning sé virt sem mikilvægur hluti samfélagslegra gilda.
- Að hvetja aðildarfélög UDN til að efla þekkingu og meðvitund á siðareglum UDN hjá iðkendum, þjálfurum og öðrum sem koma að starfinu á einn eða annan hátt.
- Að fela þjálfurum að fræða þá iðkendur sem þeir þjálfu um áhrif áfengis, rafretna, tóbaks og fíkniefna og áhrif þeirra á heilbrigði og árangur í íþróttum.

- Að bjóða upp á fræðslu til aðildarfélaganna með námskeiðum, fyrirlestrum og fræðslu sem nýtast megí aðildarfélögum í íþróttastarfi þeirra.
- Að aðildarfélög UDN vinni markvisst að því að kynna það sem er í boði hjá hverjum og einum. Mikilvægt er að skapa tækifæri og svigrúm til þess að börn og unglingar geti stundað íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga.
- Að hvetja til almennrar þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi aðildarfélaganna.
- Að hjá UDN starfi menntaðir og hæfir þjálfarar.
- Að hvetja öll aðildarfélög til að senda þjálfara sína í þjálfaramenntun ÍSí og sérsambanda.
- Að hvetja öll aðildarfélög til að verða Fyrirmyndarfélög ÍSí.

Félagsmálastefna

- Að efla iðkendur og félagsmenn innan UDN.
- Að virkja þátttakendur í hreyfingunni.
- Að viðhalda og efla starfsemi Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga í samráði við sveitarfélögin sem aðildarfélög UDN falla undir.
- Að skapa jöfn tækifæri fyrir alla iðkendur.
- Að stuðla að skipulögðu félagsstarfi og samveru utan íþróttæfinga.
- Að hlúa að umhverfi iðkenda svo þau búi við öruggt og uppbyggilegt umhverfi.
- Að efla félagsleg samskipti og félagslega færni til jafns við íþróttæfingar og keppnir.

Jafnréttisstefna

Allir einstaklingar innan UDN skulu fá að þroska hæfileika sína og eiga jafna möguleika hvað varðar aðstöðu, þjálfun og fjármagn óháð kynferði eða kynþætti. UDN veitir öllum iðkendum möguleika á að stunda íþróttir óháð kynferði, búsetu, þjóðerni, trú eða litarhætti.

UDN leggur áherslu á:

- Að hvers kyns kynja- eða kynþáttamismunun verði ekki liðin í starfi héraðsins.
- Að öll kyn hafi jafna möguleika til að stunda íþróttagreinar sem aðildarfélög UDN bjóða upp á.

- Að aðildarfélög UDN geri sömu hæfniskröfur til þjálfara af hvaða kyni sem er og greiði laun skv. menntun þeirra og reynslu en ekki kynferði þeirra sjálfra eða þeirra sem þau þjálfa.
- Að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn geri ekki athugasemdir við litarhátt, talsmáta eða annað í fari iðkenda, ættingja þeirra eða keppinauta.
- Að iðkendur og aðrir félagsmenn leggi sig fram um að aðstoða innflytjendur við að aðlaga sig í nýju umhverfi.

Umhverfisstefna

Að iðkendur, félagsmenn og stuðningsfólk fylgi þeim umgengnisreglum sem gilda í íþróttamannvirkjunum.

- Að frágangur sé góður að lokinni æfingu og keppni.
- Að ruslafötur séu til staðar á æfinga- og keppnissvæðum.
- Að æfinga- og keppnissvæði eru reyk- og rafrettulaus.
- Að hvetja til sparnaðar í keyrslu á æfingar og mót með því að ganga, hjóla og sameinast í bíla.

Persónuverndarstefna UDN

Almennar upplýsingar

Ungmennasamband Dalamanna og Norður Breiðfirðinga, kt. 670209-0789, til heimilis að heimili formanns hverju sinni/ Stóra-Vatnshorn, 371 Búðardal, (hér eftir UDN), leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar sem unnið er með í starfseminni. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að skýra hvernig við öflum og notum persónuupplýsingar og hvaða réttindi einstaklingar eiga sem skráðir eru hjá UDN. Persónuverndarstefnan tekur mið af regluverki persónuverndar eins og það er á hverjum tíma. UDN telst vera ábyrgðaraðili í skilningi laganna og ber samkvæmt því ábyrgð á því hvernig persónuupplýsingar eru unnar í starfseminni. Persónuverndarstefnan mun verða aðgengileg á heimasíðu UDN og verður lögð fyrir þing UDN í apríl 2025.

Meginreglur persónuverndar

Við höfum ávallt í huga meginreglur persónuréttar við vinnslu persónuupplýsinga. Þessar reglur fela meðal annars í sér að persónuupplýsingar séu:

- áreiðanlegar og uppfærðar reglulega
- unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti
- fengnar í skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi
- unnar af hófsemi og miðast við tilgang söfnunar
- varðveittar með öruggum hætti og ekki lengur en þörf er á

Við leitumst við að öll vinnsla persónuupplýsinga sé viðhöfð með hliðsjón af meginreglunum þannig að tryggja megi réttindi einstaklinga sem best.

Hvaða persónuupplýsingum söfnum við, um hverja og hvernig ?

UDN vinnur meðal annars persónuupplýsingar um eftirfarandi flokka einstaklinga:

- Starfsumsækjendur
- Starfsmenn
- Félagsmenn
- Keppendur
- Iðkendur
- Viðskiptamenn

Eðli og magn upplýsinganna sem safnað er fer eftir því hvaða einstaklinga er um að ræða.

Ólíkum upplýsingum er safnað á milli flokka einstaklinga.

Dæmi um flokka persónuupplýsinga og upplýsingar sem við vinnum eru:

- Starfsumsækjendaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, fyrri störf og menntun, kunnátta og fleiri upplýsingar í tengslum við starfsumsóknir.
- Starfsmannaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, mynd, lögheimili, sími, netfang, starfsheiti, bankareikningur og fleira. Við kunnum einnig að vinna viðkvæmar persónuupplýsingar um starfsmenn, eins og heilsufarsupplýsingar vegna veikinda og upplýsingar um stéttarfélagsaðild.
- Félagsmannaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, netfang, hlutverk í hreyfingu.
- Upplýsingar um keppendur, svo sem nafn, kennitala, kyn, íþróttagrein, árangur, heiti móts, tegund móts.
- Viðskiptamannaupplýsingar, svo sem nafn, netfang, tengsl við fyrirtæki, símanúmer, starfsheiti og samskiptasaga.

Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða, en persónuupplýsingarnar sem við vinnum koma venjulega beint frá skráðum einstaklingi. Þær geta þó einnig komið frá þriðja aðila

eins og til dæmis ef upplýsingar eru sóttar úr gagnagrunni eins og mótakerfi, félagatal o.fl. Við höfum ávallt í huga meginreglur persónuréttar við vinnslu persónuupplýsinga sem tilgreindar eru hér ofar í skjalinu.

Hver er grundvöllur og tilgangur vinnslunnar ?

UDN vinnur persónuupplýsingar um einstaklinga á grundvelli samþykkis, einkum um félagsmenn og iðkendur sem gerast aðilar að aðildarfélögum UDN og í markaðstilgangi. Þegar við skráum upplýsingar um félagsmenn og iðkendur innan UDN í Sportabler þá gerum við það á grundvelli lögmætra hagsmuna sem felst einkum í lottógreiðslum, tölfræðivinnslu og sögulegs tilgangs að skrá. Upplýsingar geta einnig verið unnar á grundvelli lögmætra hagsmuna, einkum þegar við skráum upplýsingar í gagnagrunn Sportabler eða aðra álíka gagnagrunna. Lögmætir hagsmunir okkar felast þá einkum í t.d. tölfræði og sögulegum tilgangi. Í slíkum tilvikum fullvissum við okkur um það að grundvallarréttindi og frelsi skráðra einstaklinga vegur ekki þyngra en okkar hagsmunir af því að vinna upplýsingarnar.

Í sumum tilvikum vinnum við persónuupplýsingar einstaklinga á grundvelli samningssambands. Það á við einkum um starfsumsækjendur, starfsmenn, viðskiptamenn, birgja og verktaka. Það getur einnig verið í þeim tilgangi að koma slíku samningssambandi á. Við kunnum einnig að vinna persónuupplýsingar um félagsmenn á grundvelli samnings. Þá fer vinnsla fram til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á okkur, svo sem í tengslum við útgreiðslu launatengdra gjalda, samkvæmt vinnuréttarlöggjöf eða á grundvelli jafnréttislaga, svo sem þegar við skráum upplýsingar um kyn félagsmanna. Viðkvæmar persónuupplýsingar eru einkum unnar um starfsmenn og keppendur á grundvelli samnings. Í þeim tilvikum höfum við gert viðeigandi verndarráðstafanir í samræmi við gerðar kröfur.

Miðlun

Almennt miðlum við ekki persónuupplýsingum einstaklinga sem eru skráðir hjá okkur. UDN kann þó að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila við ákveðnar aðstæður. Til dæmis getur verið um að ræða þjónustuaðila eða verktaka sem veita ákveðna þjónustu, eins og UMFÍ og ÍSÍ, Greiðslumiðlun og sveitarfélögin innan héraðsins. Einnig getur verið um að ræða þjónustuaðila eða verktaka sem veita ákveðna þjónustu eins og t.d.

tímatöku, upplýsingatækni og ljósmyndun. Getur þá verið nauðsynlegt að veita slíkum aðila aðgang að persónuupplýsingum þannig að hann geti þjónustað UDN. Þegar slíkir aðilar hafa aðgang að persónuupplýsingum vegna eðli þjónustunnar sem um ræðir tryggir UDN að aðeins séu afhentar persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar og um ábyrga vinnsluaðila sé að ræða sem bjóða upp á þjónustu sem uppfyllir skilyrði persónuverndarlaga, m.a. með tilliti til öryggis persónuupplýsinga.

Öryggi

Mikið er lagt upp úr öryggi persónuupplýsinga hjá UDN og hefur verið gripið til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með hliðsjón af eðli og umfangi þeirrar vinnslu sem um ræðir. Í því felst meðal annars innleiðing ferla og verklags, sem og tæknilegar öryggisráðstafana, sem taka tillit til eðli upplýsinganna sem um ræðir og áhættu fyrir skráða einstaklinga.

Verði öryggisbrestur sem varðar persónuupplýsingar og hefur í för með sér áhættu fyrir skráða einstaklinga mun UDN tilkynna slíkt án ótilhlýðilegra tafa til Persónuverndar. Í ákveðnum tilfellum ber UDN einnig að tilkynna skráðum einstaklingum um öryggisbresti. Mikilvægt er að UDN komi sér upp verkferlum til að bregðast við ef öryggisbrestur verður varðandi persónuupplýsingar.

Varðveisla

UDN geymir persónuupplýsingar í þann tíma sem nauðsynlegt er til að uppfylla tilgang vinnslu. Söguleg gögn eru geymd ótímabundið og eftir atvikum færð til Héraðsskjalasafns. Bókhaldsgögn eru geymd í að minnsta kosti 7 ár eins og lög kveða á um. Sé möguleiki á því að þörf verði fyrir persónuupplýsingar síðar til að uppfylla lagaskyldu eða vegna lögmætra hagsmuna, mun UDN varðveita þær persónuupplýsingar með eins öruggum hætti og nauðsyn ber til.

Réttindi einstaklinga

Einstaklingar geta óskað eftir upplýsingum um vinnslur UDN og einnig geta þeir óskað eftir því að nýta önnur réttindi með því að senda skriflega fyrirspurn á netfangið: udn@udn.is

Dæmi um réttindi einstaklinga eru:

- aðgangur að skráðum persónuupplýsingum
- afrit af persónuupplýsingum, réttur til leiðréttingar persónuupplýsinga og eyðingar
- mótmæla vinnslu og/eða takmarka vinnslu
- draga til baka samþykki fyrir vinnslu
- óska eftir því að persónuupplýsingar séu fluttar til annars aðila

Einstaklingar kunna að eiga frekari réttindi í tengslum við vinnslu UDN á persónuupplýsingum. Þá kunna réttindi einstaklinga að vera háð takmörkunum sem leiða meðal annars af lögum eða lögmætum hagsmunum UDN. Við munum óska eftir staðfestingu á auðkenni þeirra einstaklinga sem óska eftir aðgangi að persónuupplýsingum á grundvelli reglugerðarinnar, svo sem með ökuskírteini eða vegabréfi. Það er gert til þessa að tryggja það að upplýsingarnar berist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

Vafrakökur

Vafrakökur (e. cookies) eru textaskrár sem hlaðast inn í vafra þegar notendur fara inn á vefsvæði. Vafrakökur gera vefsvæðum kleift að greina á milli notenda og hvernig þeir nota vefsvæði. UDN notar vafrakökur til að mæla heimsóknir á vefsíðuna sína. Umferð á vefinn er svo mæld og greind með Google Analytics. Skráður er tími og dagsetning heimsókna á vefinn niður á IP tölur, frá hvaða vefsíðu heimsóknir koma, tegund vafra og stýrikerfis, og hvaða leitarorð notendur nota til að komast á vefinn, sem og til að finna efni innan hans. Vafrakökur eru notaðar til að bæta viðmót og notendaupplifun á vefsíðum UDN. Einnig til að muna mikilvægar upplýsingar frá fyrri heimsóknum notenda. Upplýsingar sem vafrakökurnar safna eru geymdar í 30 dagar og eyddar að þeim tíma loknum. Takmarka má notkun vafrakakna í vöfrum og eyða þeim. Það er ólíkt eftir vöfrum hvernig ferlið er en leiðbeiningar má finna í hjálparvalmöguleikum vafra.

Samskipti við UDN og Persónuvernd

Fyrirspurnum vegna persónuverndarmála UDN er unnt að beina á netfangið udn@udn.is eða með símtali til formanns/framkvæmdastjóra UDN. Komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga um meðferð persónuupplýsinga er unnt að senda kvörtun til

Persónuverndar. Finna má upplýsingar um hvernig hafa skal samband við stofnunina hér: www.personuvernd.is.

Breytingar

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu nýrrar útgáfu persónuverndarstefnunnar á heimasíðu UDN, www.udn.is

Viðbragðsáætlun

Unnið er samkvæmt viðbragðsáætlun samskiptaráðgjafa. Samræmd viðbragðsáætlun var unnin í sameiningu af Bandalagi íslenskra skáta, Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, Kristilegu félagi ungra manna og kvenna, Samskiptaráðgjafa Íþrótt- og æskulýðsstarfs, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Ungmennafélagi Íslands og Æskulýðsvettvanginum. www.samskiptaradgjafi.is

Tilgangur samræmdrar áætlunar er að sporna við atvikum sem geta mögulega komið upp og leiðbeint starfsfólki, sjálfboðaliðum og fleirum til að bregðast eins og rétt við ef til þess kemur. Enda er best fyrir alla aðila máls, ef viðbrögð eru samræmd. [Verkfærakista | Samskiptaráðgjafi](#)

Siðareglur UDN

UDN og aðildarfélög þess vilja stöðugt bæta siðgæði og siðferði í vinnubrögðum. Markmið sambandsins með siðareglum er að veita öllum þeim aðildarfélögum sem taka þátt eða starfa á vegum og í nafni þess almennar leiðbeiningar og vera þeim hvatning. Kynna skal öllum þeim sem fram koma í nafni sambandsins siðareglurnar.

UDN er aðili að UMFÍ sem hefur aðgang að Æskulýðsvettvanginum. Sá vettvangur hefur í gildi siðareglur sem gilda fyrir allt starfsfólk og sjálfboðaliða Æskulýðsvettvangsins. Annars vegar snúa þær að samskiptum og hins vegar að rekstri og ábyrgð. Siðareglur UDN eru því siðareglur Æskulýðsvettvangsins. Gerist aðili brotlegur við reglurnar er heimilt að vísa honum úr starfi, tímabundið eða að fullu.

Siðareglur Æskulýðsvettvangsins og UDN

Samskipti

1. Starfsfólk og sjálfboðaliðar, sem ráðnir eru til að starfa með börnum og ungmennum, skulu hæfir til þess.
2. Ávallt skal stuðla að velferð barna og ungmenna og hafa að leiðarljósi það sem er þeim fyrir bestu.
3. Stuðla skal að heilbrigðu, uppbyggjandi, vönduðu og öruggu starfi með börnum og ungmennum.
4. Starfsfólk og sjálfboðaliðar eru fyrirmyndir þátttakenda í starfi og ber að sýna góða hegðun og gott fordæmi jafnt í starfi sem og utan þess.
5. Öll neysla tóbaks, nikótínvara, áfengis eða annarra ávana- og vímuefna er óheimil í starfi með börnum og ungmennum.
6. Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu leitast við að eiga góð samskipti við samstarfsfólk og forsjáraðila þátttakenda.
7. Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu gæta vandvirkni og samviskusemi auk þess að koma fram af umhyggju, heiðarleika og virðingu gagnvart öllum þeim sem starfað er með eða fyrir. Hafa skal í huga að orð og athafnir samrýmist starfi, umhverfi, stað og stund.
8. Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu ekki mismuna börnum og ungmennum á grundvelli þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkennum, kyntjáningu, aldurs, trúarbragða, fötlunar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti.
9. Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu gæta fyllsta trúnaðar og þagmælsku um allt sem það fær vitneskju um í starfi sínu og ber að fara með sem trúnaðarmál. Þagnarskylda á þó aldrei við þegar starfsfólk eða sjálfboðaliðar verða þess áskynja að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða hvers konar ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Í slíkum tilfellum ber að fylgja ákvæðum IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002.

10. Aldrei skal stefna heilsu eða öryggi þátttakenda í hættu. Ávallt skal sýna fyllstu aðgát og varkárni í starfi og koma í veg fyrir að börn og ungmenni lendi í aðstæðum sem þau ekki ráða við.
11. Einelti og ofbeldi er aldrei liðið. Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu koma í veg fyrir og uppræta hvers konar ofbeldi, svo sem andlegt, líkamlegt, stafrænt og/eða kynferðislegt.
12. Hafa skal í huga að mörk einstaklinga eru mismunandi og berað virða þau. Varast skal hvers konar snertingar sem gætu leitt tilmisskilnings í samskiptum við börn, ungmenni og samstarfsfólk.
13. Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu sinna þátttakendum af alúð í starfi en halda sig í faglegri fjarlægð utan viðburða og forðast náið samband. Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu aldrei hafa frumkvæði að samskiptum við þátttakendur nema slíkt sé í tengslum við þátttöku barns og ungmennis í starfi.
14. Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu sýna ábyrgð í rafrænum samskiptum og netnotkun. Ekki skal vera í rafrænum samskiptum við þátttakendur undir 18 ára aldri án vitneskju forsjáraðila þeirra og aðeins í tengslum við þátttöku þeirra í starfi félagsins. Öll samskipti skulu fara fram í gegnum viðurkenndar samskiptaleiðir.
15. Starfsfólk, stjórnarfólk, sjálfboðaliðar eða aðrir sem gegna valdastöðum þurfa að vera meðvitaðir um ábyrgð sína og þann aðstöðumun sem staða þeirra skapar þeim.
16. Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu ekki misnota stöðu sína á neinn hátt, svo sem líkamlega, andlega eða kynferðislega þegar kemur að samskiptum við þátttakendur eða samstarfsfólk.
17. Hvers kyns kynferðislegt daður, orðbragð eða samneyti aðila í ábyrgðarstöðu gagnvart þátttakanda sem er yngri en 18 ára er með öllu óheimilt.
18. Forðast skal kynferðislegt daður, orðbragð eða samband við sjálfráða þátttakendur, samstarfsfólk eða aðra aðila sem ábyrgðaraðilar gegna valdastöðu gagnvart.

19. Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu forðast þá aðstöðu að vera ein með þátttakanda.
20. Þegar teknar eru ljósmyndir af börnum og ungmennum sem þátttakendum í starfi skal virða friðhelgi þeirra og rétt til einkalífs. Aldrei skal taka eða birta óviðeigandi myndir af börnum og ungmennum. Myndir af þátttakendum í starfi, sem teknar eru af starfsfólki og sjálfboðaliðum, skal aldrei nota til einkanota.

Rekstur og ábyrgð

1. Starfsfólk eða sjálfboðaliðar, sem ráðnir eru til að starfa með börnum og ungmennum, skulu hæfir til þess. Ávallt skal leita eftir samþykki þeirra sem hyggjast hefja störf um leyfi fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá.
2. Stjórnarfólk, starfsfólk og sjálfboðaliðum ber að rækja störf sín af kostgæfni, samviskusemi, trúmennsku og heiðarleika auk þess að gæta hlutlægni og réttssýni.
3. Öllu starfi skal sinna með hagsmuni félagsins að leiðarljósi og standa skal vörð um markmið og heiður þess. Stjórnarfólk, starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu sýna félaginu, samstarfsfólki, samstarfsaðilum og þátttakendum virðingu, sanngirni og trúnað í samskiptum sínum.
4. Stjórnarfólk, starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu koma fram af virðingu gagnvart öllum þeim sem starfað er með eða fyrir, auk þess sem engum skal mismunað á grundvelli þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkennum, kyntjáningu, aldurs, trúarbragða, fötlunar, efnahags, ættarnis eða stöðu að öðru leyti.
5. Stjórnarfólk, starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu leitast við að skapa jákvæða menningu í starfi. Gæta skal hófs og sanngirni í ummælum um hvert annað eða um aðra svo sem með því að taka ekki þátt í slúðri eða dreifa rógi. Kynferðisleg áreitni, einelti eða annað ofbeldi er ekki liðið.
6. Aldrei skal stefna heilsu eða öryggi starfsfólks og sjálfboðaliða í hættu. Ávallt skal sýna fyllstu aðgát og varkárni í starfi og koma í veg fyrir að starfsfólki og sjálfboðaliðum séu falin verkefni eða þau lendi í aðstæðum sem þau ráða ekki við.

7. Allt starf skal unnið á opinn, upplýstan, gagnsæjan og lýðræðislegan hátt. Ávallt skal veita faglegar og réttar upplýsingar.
8. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfbóðaliðar skulu aldrei misnota aðstöðu sína gagnvart samstarfsaðilum eða þátttakendum með neinum hætti sér til framdráttar eða eigin hags. Komi upp sú staða að hætta er á hagsmunaárekstrum skulu aðilar greina frá öllum hugsanlegum persónulegum hagsmunum sem geta haft áhrif á störf þeirra. Framkvæmdastjóri og stjórn metur hvort um hagsmunaárekstur er að ræða.
9. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfbóðaliðar skulu gæta þess að sitja ekki beggja vegna borðs í málum er varða hagsmuni félagsins. Forðast skal að skapa þær aðstæður sem geta dregið óhlutdrægni þeirra í starfi í efa. Það á meðal annars við þegar félagið tilnefnir einstaklinga til að taka þátt í eftirsóttum verkefnum eða þegar samið er við starfsfolk, verktaka eða aðra þjónustuaðila.
10. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfbóðaliðar skulu forðast að taka að sér verkefni eða störf sem samræmast ekki eða ganga gegn skyldum eða störfum þeirra og eru til þess fallin að draga óhlutdrægni þeirra í starfi í efa. Ef vafamál kemur upp skal leita samþykkis framkvæmdastjóra eða stjórnar.
11. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfbóðaliðar skulu aldrei taka við né þiggja gjafir ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.
12. Við ráðningar skal gæta þess að misnota ekki aðstöðu til að ráða skyld- eða venslafolk til starfa. Komi upp slík staða skal viðkomandi starfsmaður víkja ráðningu til yfirmanns eða annars hæfs starfsmanns.
13. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfbóðaliðar skulu gæta fyllsta trúnaðar og þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum og ber að fara með sem trúnaðarmál. Þagnarskylda á þó aldrei við þegar ákvæði IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 á við.
14. Stjórnarfólki, starfsfólki og sjálfbóðaliðum er ekki heimilt að nota trúnaðarupplýsingar sem þeir öðlast vegna starfa sinna sér til framdráttar eða í þágu eigin hagsmuna.

15. Stjórnarfolk, starfsfolk og sjálfboðaliðar skulu ávallt fara vel með fjármuni og önnur verðmæti félagsins sem þeim er trúað fyrir eða þeir hafa til umráða vegna starfs síns. Við ráðstöfun þeirra skal hafa hagsmuni félagsins að leiðarljósi. Aldrei er heimilt að skuldbinda félagið umfram samþykktir. Fjármuni og eigur skal aldrei nota nema í þágu félagsins eða verkefna sem samræmast stefnu þess.
16. Upplýsingar um tekjur og ráðstöfun þeirra skal setja fram á einfaldan og skýran hátt og skulu upplýsingar vera aðgengilegar félagsfólki. Allar færslur á fjármunum skulu skráðar með viðeigandi hætti og vera tækar til endurskoðunar.
17. Aldrei skal afla styrkja með ólögætum hætti eða blekkingum
18. Hver sá sem á í samskiptum við fjölmiðla skal sýna heiðarleika og gagnsæ vinnubrögð án þess að ljóstra upp trúnaðarupplýsingum. Lögð er áhersla á að veita réttar og eins nákvæmar upplýsingar og unnt er. Ekki skal fullyrða meira en vitneskja gefur tilefni til hverju sinni og viðurkenna þegar þekking er takmörkuð og afla frekari upplýsinga eða vísa fyrirspurnum annað.

Hegðunarviðmið

UDN gerir hegðunarviðmið ÍSÍ að sínum hegðunarviðmiðum

Hegðunarviðmið ÍSÍ og UDN

Hegðunarviðmið fyrir þjálfara

Komdu fram af virðingu

- ✓ Komdu eins fram við alla iðkendur óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, stjórnmalaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
- ✓ Berðu virðingu fyrir einstaklingnum óháð getu eða metnaði til að ná árangri.
- ✓ Berðu virðingu fyrir mótherjum, foreldrum/forsjáraðilum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki og stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama.

Vertu heiðarleg(ur)

- ✓ Farðu eftir reglum íþróttagreinarinnar, haltu á lofti heiðarleika (fair play) og hvettu iðkendur til að gera það líka.
- ✓ Stuðlaðu að jákvæðu og íþróttalegu umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf.
- ✓ Gættu trúnaðar og sýndu aðgætni við meðferð og vörslu persónuupplýsinga. Undantekningu frá þagnarskyldu má einungis gera af brýnni nauðsyn og í samræmi við lagaboð.
- ✓ Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.

Vertu góð fyrirmynd bæði innan sem utan vallar

- ✓ Allir iðkendur eiga skilið að fá athygli og jöfn tækifæri.
- ✓ Leggðu þig fram þannig að iðkendur fái sem mest út úr æfingunni.
- ✓ Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur.
- ✓ Ýttu undir heilbrigðan lífsstíl með góðu fordæmi.

Berðu virðingu fyrir þjálfarastarfinu

- ✓ Gerðu kröfur til þín varðandi málfar, hegðun, stundvísi, undirbúning og kennslu/þjálfun.
- ✓ Sýndu íþróttinni og félaginu virðingu og virtu reglur.
- ✓ Leggðu metnað þinn í starfið og leitaðu leiða til að auka þekkingu þína.
- ✓ Skipuleggðu starfið með tilliti til getu og þroska iðkenda.
- ✓ Vertu óhræddur við að leita eftir samstarfi við aðra þjálfara eða sérfræðinga.
- ✓ Taktu leiðtogahlutverk þitt alvarlega og nýttu stöðu þína á uppbyggilegan hátt.
- ✓ Haltu iðkendum og aðstandendum upplýstum um þjálfunina.

Það sem er iðkandanum fyrir bestu

- ✓ Gættu að öryggi í umhverfi og að aðbúnaður hæfi aldri og þroska iðkenda.

- ✓ Settu heilsu og heilbrigði iðkenda á oddinn og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað getur heilbrigði þeirra.
- ✓ Sýndu athygli og umhyggju þeim sem orðið hafa fyrir meiðslum og þeim sem leita til þín vegna andlegrar vanlíðunar.
- ✓ Forðastu að koma þér í þá stöðu að vera einn með iðkanda.

Ofbeldi er ekki liðið í íþróttahreyfingunni!

- ✓ Vertu vakandi og beittu þér gegn öllu ofbeldi: líkamlegu, kynferðislegu og andlegu.
- ✓ Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.
- ✓ Forðastu líkamlega snertingu við iðkendur, nema þar sem hún er nauðsynlegur hluti þjálfunarinnar.
- ✓ Þér ber skylda til að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.

Hegðunarviðmið fyrir iðkendur

Komdu fram af virðingu

- ✓ Komdu eins fram við alla óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, stjórnmalaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
- ✓ Berðu virðingu fyrir einstaklingum óháð getu eða metnaði til að ná árangri.
- ✓ Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur hennar, venjur og siði.
- ✓ Berðu virðingu fyrir andstæðingum, dómurum, foreldrum/forsjáraðilum, sjálfbóðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki.
- ✓ Leggðu þitt að mörkum til að skapa jákvætt andrúmsloft sem er laust við líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi.

Vertu heiðarleg(ur)

- ✓ Farðu eftir reglum íþróttarinnar og komdu fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.

- ✓ Leggðu þitt að mörkum til að skapa jákvætt andrúmsloft og umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf.
- ✓ Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.

Vertu góð fyrirmynd bæði innan sem utan vallar

- ✓ Berðu ábyrgð á eigin hegðun.
- ✓ Gerðu þitt besta þannig að þú fáið sem mest út úr æfingunni.
- ✓ Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur og hafðu það hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda.
- ✓ Tileinkaðu þér heilbrigðan lífsstíl.
- ✓ Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.

Hegðunarviðmið fyrir stjórnarmenn og starfsfólk

Komdu fram af virðingu

- ✓ Komdu eins fram við alla óháð aldri, kyni, kynþætti, kynhneigð, fötlun, stjórnmalaskoðunum, uppruna, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.
- ✓ Berðu virðingu fyrir skoðunum annarra.

Vertu heiðarleg(ur)

- ✓ Farðu eftir reglum íþróttahreyfingarinnar, haltu á lofti heiðarleika (fair play) og hvettu félagsmenn til að gera það líka.
- ✓ Stuðlaðu að jákvæðu og íþróttalegu umhverfi sem er laust við vímuefni og árangursbætandi lyf.
- ✓ Gættu fyllsta trúnaðar þar sem við á.
- ✓ Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.
- ✓ Forðastu eða tilkynntu fjárhagslega og persónulega hagsmunaárekstra.

Vertu félagsmönnum góð fyrirmynd

- ✓ Vertu ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.
- ✓ Virtu lýðræðisreglur og gagnsæi við ákvarðanatöku og stjórnaðu samkvæmt reglum um ábyrga fjármálastjórn.
- ✓ Vertu sanngjarn, tillitssamur og heiðarlegur.
- ✓ Leggðu metnað í starfið og berðu ábyrgð á eigin hegðun.
- ✓ Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti.

Berðu virðingu fyrir starfsemi félagsins

- ✓ Þekktu lög og reglur félagsins.
- ✓ Stattu vörð um anda og gildi félagsins.
- ✓ Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
- ✓ Sýndu íþróttum virðingu og virtu reglur þeirra, venjur og siði.
- ✓ Sýndu öllum iðkendum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og starfsfólki virðingu og stuðlaðu að því að iðkendur og félagsmenn geri slíkt hið sama.
- ✓ Þér ber skylda til að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.

Hegðunarviðmið fyrir foreldra/forsjáraðila

- ✓ Mundu að barnið þitt er í íþróttum sín vegna, en ekki þín vegna.
- ✓ Hvettu barnið til þátttöku í íþróttum, en ekki þvinga það.
- ✓ Hvettu öll börn, ekki bara þitt.
- ✓ Sýndu jákvæðni, líka þegar á móti blæs.
- ✓ Berðu virðingu fyrir öllum iðkendum, dómurum, sjálfboðaliðum, þjálfurum og öðru starfsfólki.
- ✓ Berðu virðingu fyrir réttindum barna, hvert barn er einstakt.

- ✓ Mundu að þjálfarinn þjálfar en foreldrar hvetja.
- ✓ Upplýstu um stríðni, einelti eða áreitni.
- ✓ Sýndu starfi félagsins virðingu og vertu virkur þátttakandi.
- ✓ Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti.
- ✓ Taktu aldrei þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði þar sem þú getur haft áhrif á úrslit. Veittu aldrei upplýsingar um íþróttir sem þú eða aðrir geta hagnast á.
- ✓ Þér ber að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn hafi verið vanrækt, því misþyrmt eða búi við aðstæður sem geta lagt heilsu þess og þroska í hættu.

Lög UDN

Lög Ungmennasambands Dalamanna og Norður Breiðfirðinga



1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Dalamanna og Norður Breiðfirðinga, skammstafað UDN. Starfssvæði sambandsins nær yfir Dalasýslu og Austur-Barðastrandasýslu. Heimili þess og varnarþing er í Búðardal. UDN lýtur lögum Ungmennasambands Íslands (UMFÍ) og Íþróttá- og Ólympísambands Íslands (ÍSÍ).

2. grein

Merki sambandsins er blár þríhyrningur með hvítum toppi og umgjörð. Í þríhyrningi þessum eru þrír fljúgandi svanir og undir þeim stendur UDN.

3. grein

Hlutverk sambandsins:

Ungmennasambandið skal halda uppi fjölbreyttu íþróttá- og félagsstarfi meðal félaga innan sambandsins. Sambandið vinnur samkvæmt lögum ÍSÍ og UMFÍ og hlutverk þess er m.a.:

- a) Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð, er stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- b) Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- c) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt í því skyni.
- d) Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- e) Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
- f) Að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarfélaga og halda utan um staðfest lög félaga og skila yfirliti til ÍSÍ yfir lög aðildarfélaga í lok hvers árs.

- g) Að tilkynna ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.
- h) Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Í því skyni skal héraðssamband/íþróttabandalag hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum aðildarfélaga/sérráða sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags/sérráðs. Aðildarfélag/sérráð getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda.
- i) Að tryggja góða stjórnarhætti innan héraðssambandsins/íþróttabandalagsins
- j) Gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi.
- k) Standa fyrir iðkun íþrótta og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu.
- l) Starfa í anda friðar og jafnréttis.
- m) Vinna að aukinni fræðslu og forvörnum gegn neyslu á skaðlegum efnum.
- n) Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd.
- o) Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnytjamála og vinna að framgangi þeirra.
- p) Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, áttuga og ættjörð.

4. grein

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu sem hafa lög sín í samræmi við lög UDN, UMFÍ og ÍSÍ. Inntökubeiðni sendist UDN ásamt skýrslum um stofndag og ár, lögum félagsins, nöfnum stjórnarmanna og félagaskrá.

Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki sambandsþings en þó getur stjórn veitt bráðabirgða aðild til næsta sambandsþings. Stjórn UDN sannreynir að starfsemi og lög viðkomandi félags samræmist að lögum og stefnum UDN, UMFÍ og ÍSÍ.

5. grein

Ósk um úrsögn úr sambandinu skal tilkynna skriflega til sambandsstjórnar enda hafi úrsögnin verið samþykkt á lögsmætum aðalfundi félagsins. Úrsögnin tekur gildi þegar stjórn hefur samþykkt hana en þó skal úrsögnin staðfest á næsta sambandsþingi. Félag sem gengur úr sambandinu getur ekki krafist endurgjalds á fjármunum sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Sé félagið í skuld við sambandið skal samkomulag um greiðslur liggja fyrir við slit. Skuldir félags falla ekki niður við úrsögn.

Þeim félögum sem ekki hafa tvö ár samfelld gert skil á árgjöldum eða ársskýrslu má víkja úr sambandinu, enn fremur þeim sem að öðru leiti gerast brotleg gagnvart lögum þess.

6. grein

Hvert félag innan sambandsins greiðir í sambandssjóð ár hvert fyrir hvern félaga 18 ára og eldri. Sambandsþing ákveður upphæð gjaldsins ár hvert. Gjaldddagi er 1. júní og skal miða við félagatal skv. starfsskýrslum til ÍSÍ sama ár.

7. grein

Aðildarfélög skulu halda aðalfund árlega og tilkynna um þá með viku fyrirvara til UDN. Hvert félag skal gera skýrslu eftir hvert starfsár um hag sinn og starfssemi samkvæmt fyrirætlum ÍSÍ og UMFÍ innan þess frests sem ÍSÍ ákveður. Ársskýrslu þessari skal skila til UDN 10 dögum fyrir sambandsþing.

8. Grein

Félög sem ekki skila ársskýrslu og samþykktum ársreikningi, halda ekki aðalfund eða greiða ekki lögboðin gjöld skulu missa atkvæðisrétt sinn á viðkomandi ársþingi.

9. grein

Á sambandsþingi eiga sæti fulltrúar frá félögum þeim sem í sambandinu eru á hverjum tíma. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags ákvarðast af fjölda félagsmanna. Tala fulltrúa skal miðuð við 18 ára og eldri samkvæmt starfsskýrslu sem skilað er til ÍSÍ.

- 2 fulltrúar auk formanns fyrir 0-100 félagsmenn.
- 3 fulltrúar auk formanns fyrir 101-150 félagsmenn.
- 4 fulltrúar auk formanns fyrir 151-200 félagsmenn.
- Síðan bætist við einn fulltrúi fyrir hverja byrjaða 100 félagsmenn eftir það

Kjörnir þingfulltrúar á ársþingi UDN hafa málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt. Enginn fulltrúi má fara með meira en eitt atkvæði.

10. grein

Stjórn sambandsins skal skipuð fimm einstaklingum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og meðstjórnanda. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára en aðrir í stjórn eru kosnir til tveggja ára, tveir í hvoru lagi. Stjórnarmenn skipta með sér verkum þegar stjórn hittist á fyrsta fundi. Enn fremur skulu árlega kosnir tveir varamenn í stjórn, tveir skoðunarmenn reikninga og tveir skoðunarmenn til vara.

11. grein

Hlutverk stjórnar:

Formaður boðar til stjórnarfundar og sambandsþings samkvæmt ákvörðun stjórnar, einnig ber honum að boða til fundar ef tvö eða fleiri aðildarfélög fara fram á fund með stjórn sambandsins og fulltrúum frá öllum aðildarfélögum. Stjórn skal sjá um allar framkvæmdir sambandsins milli þinga og fyrirskipanir sambandsþinga. Ennfremur leggja fyrir sambandsþing ítarlega skýrslu um starfsemi sambandsins. Stjórn heldur fundargerðarbók, varðveitir skjöl og sjóði sambandsins sem og aðrar eignir og leggur fram skoðaða reikninga á hverju sambandsþingi.

12. grein

Stjórn sambandsins skal boða formenn allra aðildarfélaganna til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skyld er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað geti þeir ekki mætt. Á formannafundi er farið yfir málefni sambandsins og aðildarfélaganna frá síðasta fundi. Eins má hafa kynningu eða fræðslu á málefnum sem tengjast starfsseminni.

13. grein

Sambandsþing er haldið á hverju ári í febrúar – apríl, til skiptis hjá félögum sambandsins. Skal til þess boðað skriflega með mánaðar fyrirvara. Síðara þingboð með dagskrá, upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið skal senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum sem rétt eiga til þingsetu með minnst viku fyrirvara. Lögmætt er sambandsþing ef löglega er til þess boðað.

Sambandsþing úrskurðar reikninga sambandsins, kýs stjórn þess, skoðunarmenn reikninga og fulltrúa á sambandsþing UMFÍ og íþróttarþing ÍSÍ og samþykkir fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Tekur ennfremur til umræðu og úrskurðar um þau mál sem fyrir það eru lögð.

Dagskrá sambandsþings:

1. Þingsetning
2. Kosning þingforseta
3. Kosning annarra starfsmanna þingsins
Tvo fundarritara
Þriggja manna kjörbréfanefndar
4. Skýrsla stjórnar og reikningar
5. Álit kjörbréfanefndar
6. Kosning starfsnefnda þingsins
7. Inntaka nýrra aðildafélaga
8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
9. Reikningar bornir upp til samþykktar
10. Íþróttamanneskja ársins og aðrar viðurkenningar

11. Ávörp gesta
12. Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun
13. Þinghlé – nefndir starfa
14. Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu
15. Kosning stjórnar
16. Starfsemi næsta árs
17. Önnur mál
18. Þinggerð – þingslit

14. grein

Reikningsár sambandsins miðast við almanaks árið.

15. grein

Aukaþing

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

16. grein

Lögum sambandsins má ekki breyta nema á sambandsþingi og þarf 2/3 greiddra atkvæða til. Í öðrum málum ræður meirihluti greiddra atkvæða.

17. grein

Öll félög innan sambandsins eru skyld að hlýða þeim ákvæðum sambandslaga UDN, UMFÍ og lögum ÍSÍ.

18. grein

Viðauka og skýringar á lögnum má gera með þingsályktun.

19. grein

Ákvörðun um slit sambandsins skal taka á löglega boðuðu þingi. Komi slík tillaga fram skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd. Samþykki 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa tillöguna skoðast hún samþykkt og skal þingi slitið tafarlaust. Fráfarandi stjórn situr áfram í fullu umboði og skal hún boða til aukaþings innan tveggja mánaða. Þá skal tillagan

borin upp að nýju. Sé hún samþykkt með 4/5 greiddra atkvæða fulltrúa á þinginu skulu það heita lögleg sambandsslit. Verði tillagan felld skulu þingstörf halda áfram þar sem frá var horfið á fyrra þingi.

20. grein

Komi til sambandsslita UDN samkvæmt 19. grein eða ef starfsemi UDN fellur niður skulu sjóðir þess og aðrar eignir vera í vörslu UMFÍ. Verði nýtt samband stofnað sem stefnir að sömu markmiðum og UDN á sambandssvæðinu skulu eignir UDN renna til þess.

21. grein

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau og eldri lög UDN falla úr gildi.

Samþykkt á sambandsþingi í Dalabúð 2. apríl 2025

Fylgiskjöl

Reglugerðir UDN

Reglugerð um skiptingu lottótekna UDN

1. Forsendur skiptingar milli félaga

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa aðildarfélög að skila lögboðnum skýrslum í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, innan tilskilins frest sem ákveðinn er af ÍSÍ og UMFÍ ár hvert. Aðildarfélög þurfa einnig að hafa boðað löglega til aðalfundar á síðasta almanaksári og staðið skil á ársskýrslum/starfsskýrslum til UDN.

2. skipting Lottótekna

- a) 70% til aðildarfélaga
- b) 30% til UDN

Forsendur til úthlutunar: að félag sé með skipulagt starf fyrir ungmenni og börn og skili inn skýrslu til UDN með útlistun á starfinu þ.e. ársskýrslu.

3. Skipting Lottótekna, skv. a -lið 2. greinar, milli aðildarfélaga:

- a) 20% jafnt á millri allra félaga með **virka** starfsemi
- b) 80 % eftir fjölda **iðkenda**¹ 18 ára og yngri

¹Iðkandi er sá félagsmaður í íþróttta eða ungmennafélagi sem stundar eina eða fleiri íþróttagreinar á vegum félagsins. Iðkandi þarf að vera skráður í viðurkennt skráningarkerfi sem UDN notar í íþróttahreyfingunni.

Samþykkt á 104. sambandsþingi UDN 2. apríl 2025

Kjör íþróttamanneskju UDN

Reglugerð

1. gr.

Í janúar ár hvert skal kjósa þá íþróttamanneskju UDN sem bestan árangur hefur þótt sýna í íþróttum árið á undan.

Heimilt er að tilnefna hverja þá íþróttamanneskju sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

- a) Er félagi í einhverju aðildarfélagi UDN
- b) Hefur sýnt þróðmennsku og háttvísi á hvern hátt í íþrótt sinni.
- c) Hefur náð góðum árangri í íþrótt sinni á árinu.
- d) Hefur náð 16 ára aldri á árinu sem viðurkenning er veitt fyrir.

2. gr.

Hverju aðildarfélagi sem og stjórn UDN er heimilt að tilnefna 1- 3 einstaklinga til kjörs. Raðað eftir stafrófsröð og með fylgi greinargerð um árangur viðkomandi á árinu. Tilnefningar skal senda á tölvupósti á skrifstofu UDN/formanns UDN fyrir 15. janúar.

3. gr.

Atkvæðisrétt hafa stjórnarmenn UDN sem fara með eitt atkvæði hver og stjórn hvers aðildafélags fer með eitt atkvæði. Varamenn taka sæti stjórnarmanna UDN í forföllum þeirra svo sem við önnur stjórnarstörf.

4. gr.

Þeir sem kosningarétt hafa, samkvæmt 3. gr., skulu kjósa í leynilegri kosningu allt að 5 aðila. Sá sem settur er nr. 1 hlýtur 5 stig, nr. 2 hlýtur 4 stig, nr. 3 hlýtur 3 stig, nr. 4 hlýtur 2 stig og nr. 5 hlýtur 1 stig.

5. gr.

Sá aðili sem flest stig fær samanlagt úr kosningunni hlýtur sæmdarheitið; Íþróttamanneskja UDN, þess árs. Árangur verður tíundaður.

6. gr.

Íþróttamanneskja UDN fær afhentan til varðveislu í eitt ár farandbikar þann er UDN hefur gefið í þessu tilefni. Letrað skal á bikarinn nafn þeirra sem hann fá og ártal. Bikarinn vinnst aldrei til eignar, en þegar hann hefur verið afhentur í 10 ár skal hann tekinn úr umferð og eftir það vera geymdur í bikarasafni UDN. Íþróttamanneskja UDN fær afhentan til eignar grip til minningar um kjör sitt eftir ákvörðun stjórnar UDN hverju sinni.

7. gr.

Þegar kjöri íþróttamanneskju UDN er lýst skal skýra frá nöfnum og stigafjölda 5 stigahæstu einstaklinganna og nöfnum allra annarra sem stig hljóta í kosningunni en án stigafjölda.

Hvatningarverðlaun UDN

Hvatningarverðlaun UDN eru veitt þeim sem hafa á höndum eftirtektarverð og ábatasöm verkefni fyrir samfélagið. Horft er til framúrskarandi verkefna og þeirra sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.

- Hvatningarverðlaun UDN eru veitt árlega samhliða verðlaunaafhendingu Íþróttamanneskju UDN.
- Þeir sem geta hlotið hvatningarverðlaun UDN eru;
 - Aðildarfélag
 - deild innan aðildarfélags
 - einstaklingur / einstaklingar innan aðildarfélaga UDN
 - Einnig geta hlotið hvatningaverðlaunin einstaklingar, hópar eða félög, utan aðildar við UDN en eru á sambandssvæðinu, sem halda úti lýðheilsuverkefni sem er eftirtektarvert og í þágu samfélagsins.
- Árlega óskar UDN eftir tilnefningum frá aðildarfélögum, á þar til gerðu eyðublaði. Hvert aðildarfélag má senda inn allt að þrjár tilnefningar. Einnig getur stjórn UDN að eigin frumkvæði valið verðlaunahafa.
- Stjórn UDN tekur endanlega ákvörðun um hver hlýtur Hvatningarverðlaun hverju sinni.
- Ef þurfa þykir getur stjórn leitað umsagnar utanaðkomandi aðila með sérþekkingu, svo sem sérsambands.
- Stjórn UDN ákveður á hverjum tíma hvernig verðlaununum skal háttað.

Samþykkt á 103. sambandsþingi UDN í Dalabúð, 17. apríl 2024.

Drifskaftrið

Hvatningarverðlaun Ungmenna 14-16 ára

Drifskaftrið er hvatningarviðurkenning sem veitt er ungu íþróttafólki sem þykir efnilegt í sinni íþrótt, sýnir metnað í ástundun og framkomu og er góð fyrirmynd. Tilgangur þessarar viðurkenningar er að styðja við og hvetja áfram ungt og efnilegt íþróttafólk á svæðinu.

1. Viðkomandi skal stunda / keppa í íþrótt sinni fyrir aðildarfélag UDN
2. Viðkomandi skal vera 14-16 ára. Miða skal við fæðingarár fyrir það ár sem viðurkenning er veitt fyrir.
3. Viðkomandi íþróttamanneskja leggur sig fram, er stundvís, virðir reglur og hefur heilbrigði að leiðarljósi.
4. Viðkomandi er til fyrirmyndar í framkomu jafnt innan vallar sem utan.
5. Heimilt er að velja fleiri en eina manneskju ef umsóknir eru þess eðlis.
6. Árlega óskar UDN eftir tilnefningum frá aðildarfélögum, á þar til gerðu eyðublaði. Hvert aðildarfélag má senda inn allt að þrjár tilnefningar. Einnig getur stjórn UDN að eigin frumkvæði komið með tilnefningu.
7. Stjórn UDN ákveður á hverjum tíma hvernig verðlaununum skal háttað.

Samþykkt á 103. sambandsþingi UDN í Dalabúð, 17. apríl 2024.